

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sbr. breytingu á samþykktinni nr. 64/2025, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, eru eftirfarandi óverulegar breytingar á gildandi deiliskipulagi samþykktar:

*Hellisland 36 – óveruleg deiliskipulagsbreyting.*

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 14. janúar 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Hellisland 36 á Selfossi. Breytingin felur í sér að byggingarreitur færist nær austurmörkum lóðar þannig að 5 m eru nú frá lóðarmörkum í stað 10 m. Einnig verður byggingarreitur færður fjær norðurmörkum lóðar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 17. mars 2026.*

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,  
**Vígús Þór Hróbjartsson** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 31. mars 2026